



Aðalfundur MTB

Dags. 29/06/2020

Fundarstjóri: Orri Huginn Ágústsson

Fundarritari: Sindri Þór Sigríðarson

Dagskrá fundarins:

1. Setning fundar.
  2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
  3. Reikningar félagsins fyrir rekstrarárið 2019.
  4. Lagabreytingar.
  5. Kosning stjórnar.
  6. Starfsáætlun komandi starfsárs.
  7. Önnur mál.
- 
1. Framkvæmdastjóri MTB, Friðrik Friðriksson, setur fundinn og tilnefni Orra Huginn, formann SL, fundarstjóra. Fundurinn samþykkir tillöguna einróma. Orri Huginn kynnir dagskrá og staðfestir að löglega hafi verið boðað til fundarins.
  2. Formaður stjórnar MTB, Ólöf Ingólfssdóttir, les skýrslu stjórnar.
    - Umræður:
      - Fráfarandi formaður segir að endurskoða þurfi stefnu og gildi Tjarnarbíós. Umhverfi sviðslista og leikhúsa sé síbreytilegt og taka þurfi mið af því í stefnu hússins. Meta þurfi hvort og hversu mikið Tjarnarbíó eigi að vera gerandi í sviðslistasamfélaginu.
      - Fráfarandi formaður nefni Dansverkstæðið sem einkonar systurstofnun Tjarnarbíós og að virkt samtal sé milli þessara stofnanna. Þetta samtal og samstarf sé af hinu góða fyrir báðar stofnanir og skoða þurfi hvort koma megi á sambærilegu samstarfi milli Tjarnarbíós og annarra viðeigandi stofnanna. Bergdís Júlía tekur undir þennan punkt Ólafar.
      - Orri Huginn spyr út í nýtingu hússins og hvort hún hafi breyst. Framkvæmdastjóri segir að það sé vöxtur í starfsemi og þ.a.l. nýtingu. Yfir sumartímenn hefur verið rólegt en það er töluverð breyting á komandi leikári hvað það varðar. Samdráttur í

miðasölu milli ára er lítilsháttar og hefði ekki komið til heimsfaraldur hefði þetta líklega verið metár.

- Fundarmaður spyr hvernig breytingar á manifesto og stefnumótun eigi sér stað. Fráfarandi formaður skýrir að eins og er sé manifesto'íð langt og flókið og þar þurfi að létta á. Fari Tjarnarbíó í stefnumótun væri gott að fá fleiri að borðinu en bara stjórn. Fundarmaður leggur til að hluti af stefnumótuninni feli í sér aðkomu fjölbreytts hóps og jafnvel jaðarsettra hópa til að tryggja víðari sýn á stefnu og til að svara vaxandi kröfum í samfélaginu. Fráfarandi formaður tekur undir þessa tillögu. Framkvæmdastjóri segir að lítillaga sé byrjað á þessari stefnumótunarvinnu og þar séu ríkjandi sjónarmið inngildingar og fjölbreytni.
3. Framkvæmdastjóri MTB fer yfir og skýrir ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2019 sem unnir eru af Endurskoðun Flókagötu. Fundarstjóri vekur athygli á að rekstrarárið sé almanaksárið sem getur valdið ruglingi því oftast sé talað um leikárið.
- Umræður:
    - Fundarstjóri spyr hvort ógreidd laun í árslok hafi verið gerð upp. Framkvæmdastjóri svarar játandi. Fundarstjóri spyr hvað felist í kaupum fagtímarita. Framkvæmdastjóri segir að þetta séu meðal annars kaup á dagblöðum fyrir kaffihús og húsið almennt. Hann þurfi þó að rýna í hvernig þetta sé fært til að geta svarað því nákvæmlega.
    - Fundarstjóri spyr út í hallarekstur ársins og hvort, og þá hvaða aðgerða hafi verið gripið til. Framkvæmdarstjóri bendir á að sú mynd sem dregin er upp í ársreikningnum sé ekki endilega alveg rétt þar sem eiginlegt rekstrarár félagsins sé í raun leikárið. Þannig hafi margt komið til eftir áramót sem leiðrétt hafi þessa stöðu og í raun standi félagið í dag ágætlega þrátt fyrir heimsfaraldur. Ritari bendir á, líkt og komið hefur fram, að uppgjörsárið skv. ársreikningi sé í raun ekki eiginlegt rekstrarár félagsins og því sé tæknilega séð lítið að marka rekstrarniðurstöðuna skv. ársreikningi. Fundarstjóri leggur til að tilvonandi stjórn skoði hvort breyta eigi uppgjörsári þannig að það endurspegli eiginlegt rekstrarár félagsins sem er leikárið. Fundurinn samþykkir tillöguna.
    - Fundarmenn samþykkja reikningana einróma.
4. Engar lagabreytingartillögur liggja fyrir og því nær þessi liður ekki lengra.
5. Kosning stjórnar. Ólöf Ingólfssdóttir lætur af sem formaður MTB eftir 2 ára setu. Bergdís Júlía Jóhannsdóttir hættir sem stjórnarmaður eftir 2 ára setu en Sveinn Óskar Ásbjörnsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Sara Marti Guðmundsdóttir situr áfram eitt ár í stjórn. Óskað er eftir framboðum í stjórn. Aðalbjörg Árnadóttir býður sig fram sem varamann. Valgerður Rúnarsdóttir býður sig fram í stjórn. Benjamín Kári Daníelsson býður sig fram í stjórn. Guðmundur Felixson býður sig fram í stjórn.
- Fundarstjóri leggur til að þar sem löggin séu ekki skýr hvað varðar kosningu varamanna þá skuli fundurinn kjósa varamann sérstaklega. Fundurinn samþykkir einróma.
  - Aðalbjörg Árnadóttir er ein í framboði til varamanns og er því sjálfkjörin.
  - Tvær stöður eru lausar og þrjár einstaklingar í framboði.
  - Frambjóðendur kynna sig.

- Niðurstöður kosninga eru eftirfarandi: Guðmundur Felixson og Valgerður Rúnarsdóttir hljóta kosningu

6. Framkvæmdarstjóri kynnir dagskrá komandi leikárs. Verk sem ekki komust að á síðasta leikári vegna heimsfaraldurs flytjast yfir á næsta leikár. 29 verkefni sóttu um samstarf. 6 fóru annað. 12 af þeim sem sóttu um verða í húsinu á næsta leikári. Þetta verður gríðarlega þétt leikár. Vinnutími á sviði hefur verið stytur úr 4 vikum í 3 og kemur Dansverkstæðið þá inn sem mögulegur æfingarstaður. Verkefni verða því komin lengra af stað þegar þau koma inn í húsið. Framkvæmdastjóri fer yfir hin ýmsu verkefni komandi leikárs.
7. Önnur mál. Fundarstjóri spyr hvort einhver sé mótfallinn því að orðið sé gefið laust. Enginn leggst gegn því.
  - Framkvæmdastjóri segir að Tjarnarbíó hafi fengið styrk úr sumarsjóði Reykjavíkurborgar til að skreyta gaflinn á Tjarnargötu 10. Húsið mun vinna verkið í samstarfi við listamanninn Juan Pictures.
  - Ólöf segir að hún hafi sótt um styrk fyrir hönd hússins til að vinna verkefni um sjálfbærni í listum. Hún telur margt í þeirri umsókn vera eitthvað sem vinna mætti áfram og að Tjarnarbíó geti komið að þeirri vinnu.

Fleira er ekki til umræðu og slítur fundarstjóri því fundinum.

Undir fundargerð þessa rita fundarmenn: